



Háskóla-, iðnaðar og
nýsköpunarráðuneyti
Reykjastræti 6
101 Reykjavík
hvin@hvin.is

Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 7. júní 2024

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um drög að reglugerð um öryggi fjarskiptaneta og fjarskiptaþjónustu

Samtök iðnaðarins (hér eftir „samtökin“) og aðildarfélög þess í fjarskiptahópi Samtaka iðnaðarins, Síminn og Sýn, hafa tekið til umsagnar drög að frumvarpi að reglugerð um öryggi fjarskiptaneta og fjarskiptaþjónustu, mál nr. S-105/2024. Samtökin fagna þeim markmiðum sem fram koma í drögum að reglugerðinni að leitast verður við að stuðla sem best að áfallaþoli og samfelldri öruggari virkni fjarskiptaneta og fjarskiptaþjónustu og að bæta eigi viðbrögð við öryggisatvikum. Þar sem drögin eru ótímabær og fela í sér auknar kröfur og strangara eftirlit á fjarskiptafyrirtæki leggja samtökin áherslu á að ekki sé gengið lengra í setningu íþyngjandi reglna en nauðsynlegt er. Að því sögðu vilja samtökin koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri.

1. Ótímabær setning reglugerðarinnar vegna NIS-2

Vegna augljós ávinnings til verndar almenningi og fyrirtækjum og mikilvægi öruggari virkni fjarskiptaneta og fjarskiptaþjónustu er vert að benda á að samkvæmt upplýsingum ráðuneytisins sem fram koma í minnisblaði í umsögnum um frumvarpi ráðuneytisins til laga um breytingu á lögum um fjarskipti, lögum um íslensk landshöfuðlén og lögum um Fjarskiptastofu, fjarskipti o.fl. (fjarskipti, skráning o.fl.) 205. mál er þegar vinna hafin við að fella NIS-2 netöryggistilskipun inn í EES-samninginn sem Ísland þarf síðar að innleiða með lagasetningu, líklegast í síðasta lagi á árinu 2025.

Fyrir liggur að innleiðing á NIS-2 netöryggistilskipuninni mun taka á fjölmörgum atriðum sem sett eru fram í reglugerðardrögum. Þannig nær nýja netöryggistilskipunin yfir breiðara svið, þar á meðal yfir fjarskiptafyrirtæki og auknar öryggiskröfur þeirra, áhættumiðaða nálgun og skilgreiningar á mikilvægum eignum, innleiðingu á strangari netöryggisráðstöfunum til að vernda net sín og upplýsingakerfi. Þá tekur nýja öryggistilskipunin einnig yfir lögboðna þjálfun starfsfólks þar sem fjarskiptafyrirtækjum verður gert að tryggja að starfsfólk fái reglulega netöryggisþjálfun. Þá ber fjarskiptafyrirtækjunum einnig að gera reglulegar öryggisúttektir þriðju aðila.

Það liggur því fyrir að í reglugerðardrögum er ætlunin að innleiða sumar af þeim kröfum sem NIS-2 öryggistilskipunin tekur á en eins og að framan greinir þá er þegar hafin vinna við að innleiða þá tilskipun inn í EES-samninginn sem mun koma til innleiðingar á Íslandi í síðasta lagi á næsta ári.



Það skýtur því skökku við að á þessum tímapunkti hefjist ráðuneytið handa við vinnu á innleiðingu reglugerðar sem einungis tekur á hluta þeirra reglna sem þegar munu koma til innleiðingar á Íslandi eigi síðar en á næsta ári. Þá ganga ákvæði reglugerðarinnar í mörgum tilfellum lengra en kröfur eru gerðar í NIS-2 netöryggistilskipuninni.

Innleiðing á þeim breytingum sem lagðar eru fram í reglugerðardrögunum reynast fjarskiptafyrirtækjum tímafrekar og ekki síst gríðarlega kostnaðarsamar. Um er að ræða fjölmargar breytingar á flóknu regluverki sem krefst mikils kostnaðarauka varðandi breytingu á rekstri og uppfærslu verkferla, til samræmis þeim reglum sem settar eru fram í drögunum.

Eins og að ofan greinir hefur ráðuneytið þegar greint frá að innleiðing NIS-2 netöryggistilskipunarinnar verði lokið í síðasta lagi árið 2025. Gera má því fastlega ráð fyrir að eigi síðar verði fjölmörgum ákvæðum sem er að finna í reglugerðardrögunum breytt. Í ljósi þess verður að teljast alvarlegt að íþyngja fjarskiptafyrirtækjum með þeim háa kostnaði við að breyta og uppfæra verkferla sem breyta þarf aftur með innleiðingu á NIS-2. Gera verður ráð fyrir að ráðuneytið muni á næstu mánuðum hefja, ef það hefur ekki þegar hafið, vinnu við innleiðingu þeirra tilskipunar. Einnig er vert að benda á að 40. gr. tilskipunar ESB um fjarskipti (e. European Electronic Communication Code), sem reglugerðardrögin byggja að miklu leyti á, mun falla brott þann 18. október n.k.

Þá er vert er að benda á að ein af þeim mikilvægustu áskorunum sem aðildarríki ESB/EES standa frammi fyrir með innleiðingu á NIS-2 snýr að mikilvægi samræmingar, þ.e. samræmi í netöryggisaðferðum þvert á lönd. Mismunur á landsbundnum netöryggisáætlunum, regluverki og aðferðum er til þess fallið að skapa ósamræmi í innleiðingu og framfylgd tilskipunarinnar. Því er mikilvægt að stjórnvöld vandi til verks enda getur skortur á samræmingu hindrað viðleitni við að takast á við netöryggisógnir yfir landamæri á skilvirkan hátt.

2. Athugasemdir við einstaka greinar reglugerðarinnar

Samtökin vilja gera athugasemdir við þau ákvæði í reglugerðardrögum sem þegar eru tilgreind í lögum. Rétt er að benda á að reglugerðum er ekki ætlað það hlutverk að endurtaka texta í réttarhærrí heimildum, heldur er þeim ætlað að útfæra nánar tiltekin atriði sem heimilað er í lögum að útfæra nánar í reglugerðum. Þá er þess hvergi getið í reglugerðardrögum hvort og þá hvaða nógildandi reglur og/eða reglugerðir falla úr gildi við gildistöku þessarar reglugerðar.

Óskýrt verður að teljast ástæðu þess að ráðuneyti setji þessa reglugerð fram á þessum tímapunkti. Algjör skortur er á upplýsingum í samráðsgátt um tilefni, nauðsyn og forsendur reglugerðarinnar.

Af því sögðu eru gerðar athugasemdir við eftirfarandi greinar:

Fjallað er um öryggisstefnu í 7. gr. Hana skal birta öllu starfsfólki sem starfa með beinum eða óbeinum hætti við rekstur og öryggi fjarskiptaneta og þjónustu. Óljóst þykir hvort einungis sé um að ræða starfsfólk fjarskiptafélagsins og þá hvort starfsmaður þurfi ekki að koma að (í stað starfa við) rekstri og öryggi fjarskiptaneta og þjónustu. Í þriðju málsgrein er mikilvæg að milda þá skyldu að rýna og kröfu um uppfærslu öryggisstefnu ef upp komi öryggisatvik. Betur færi á því ef slíkt yrði gert ef upp koma alvarleg öryggisatvik. Þá telja samtökin að nægjanlegt þyki að viðmið um að rýna og uppfær öryggisstefnu verði þrjú ár í stað að lágmarki tveggja.

Ef ætlunin er að byggja á ISO-stöðlum, þá miðast endurnýjun vottunar við þrjú ár. Í 7 gr. um öryggisstefnu og í 8. gr. um áhættustjórnun og áhættumat er viðmið tvö ár. Mikilvægt er að samræmi gæti á milli reglugerðar og endurnýjunar vottunar ISO-staðla. Í 8. gr. er gerð sú krafa



að og bregðast skuli strax við ef forsendur áhættumats eða aðstæður breytast sem kalla á slíkt endurmat. Betur færi ef krafan yrði að bregðast skyldi við eins fljótt og unnt er. Síðasta málsgrein 8. gr. er þegar að finna í lögum um fjarskipti nr. 70/2022. Að auki er bætt í síðustu setningu málsgreinarinnar heimild Fjarskiptastofu að skilgreina aðferðarfræði við framkvæmd sértæks áhættumats. Samtökin benda á að mjög mikilvægt er að þessi heimild verði felld niður enda engin viðmið eða reglur sem stofnunin verður að fylgja. Ófyrirsjáanleiki fjarskiptafyrirtækja varðandi kostnað og umgjörð af slíku er með öllu óásættanlegt.

Í 4. mgr. 9. gr. er fjallað um framkvæmd áhættumats, að leggja skuli heildstætt mat á öryggisráðstafanir. Þar er fjarskiptafyrirtækjum gert að endurskoða öryggisráðstafanir eftir því sem tilefni er til innri og ytri prófana. Betur færi ef fjarskiptafyrirtækjum væri gert að yfirfara öryggisráðstafanir í stað endurskoða. Þá er talið óþarf að miða við að tímaramminn taki á tveimur árum sbr. athugasemdir við 7. gr.

Í 10 gr. reglugerðadruga er fjallað um öryggisráðstafanir vegna starfsfólks og þriðju aðila. Engar kröfur er að finna í lögum nr. 70/2022, sem heimila reglugerð að gera kröfu um að afla öryggisvottun allra stafsmanna sem sinna rekstri fjarskiptaþjónustu eða kerfa. Þá er einnig sú krafa að krefja starfsmenn um sakarvottorð án þess að tilgreina hvaða tegundir af brotum komi í veg fyrir að starfsmanni sé heimilt að sinna störfum eða verkefnum innan fjarskiptafyrirtækja. Bent er á að íslensk fjarskiptafyrirtæki hafa í ekki tök á því að sinna slíku boðvaldi starfsmanna þriðja aðila sem starfa utan lögsögu Íslands. Fjarskiptafyrirtæki á Íslandi geta að sama skapi ekki þjálfað og prófað starfsfólk hjá þriðja aðila, tryggt virkar boðleiðir svo það náist alltaf í starfsfólk þriðja aðila, eiga verkferla sem taka á brotum í starfi hjá starfsfólki þriðja aðila, eða að kallað verði eftir gögnum (þ.m.t. persónuupplýsingum) beint frá starfsfólki þriðja aðila.

Í b-lið 3. mgr. 10 gr. er fjallað um ferli sem staðfestir hæfni starfsfólks þriðja aðila. Hér gildir hið sama og að ofan greinir varðandi íþyngjandi kröfur á fjarskiptafyrirtækja varðandi mannauð. Fjarskiptafyrirtæki á Íslandi geta einungis skilgreint í þjónustusamningi að viðkomandi þjónustuveitandi skuli tryggja að starfsfólk búi yfir viðeigandi hæfni, þekkingu og menntun til að sinna störfum. Óeðlilegt hlýtur að teljast að fjarskiptafyrirtæki á Íslandi eigi að hafa aðkomu eða aðgang að slíku, auk þess sem reglugerðardrögin yrði að öllum líkindum ekki talin fullnægjandi til að geta aflað gagna af þessum toga frá þjónustuveitanda, í skilningi persónuverndarlaga. Í mesta falli væri hægt að koma slíku áleiðis í formi skilyrða samnings aðila á milli, án miðlun persónuupplýsinga. Gagnaöflun frá þriðja aðila yrði að öllum líkindum ekki talin nauðsynleg í skilningi þess regluverks. Samkvæmt greininni ber fjarskiptafyrirtækjum að **tryggja með virkum boðleiðum að ávallt** náist í viðkomandi starfsmenn eða þriðju aðila. Telja verður með öllu óraunhæft að fjarskiptafyrirtæki geti tryggt slíkt varðandi starfsfólk sitt. Þá er gerð krafa, í c-lið 3. mgr., um undirritun trúnaðaryfirlýsinga. Betur færi á að fjarskiptafyrirtæki leggi fremur fram körfu á viðsemjendur þjónustusamninga um að ganga úr skugga um að starfsfólk þess undirriti trúnaðaryfirlýsingu. Sambærilegt ákvæði trúnaðarskyldu er að finna í 4. mgr. 11. gr. sem ætti einnig að beinast að viðsemjenda þjónustusamnings.

Mikilvægt er að hafa í huga að í sumum atvikum getur það leitt til þess að fjarskiptafyrirtæki, sem og þriðji aðili gerist brotleg gagnvart öðrum lögum, til að mynda persónuverndarlögum. Því telja samtökin mikilvægt að ráðuneytið afli umsagnar meðal annars Persónuverndar um þetta ákvæði.

Í 11. gr. er fjallað um útvistun. Í orðskýringum reglugerðadruga er útvistun skilgreind sem verkefni eða þjónusta sem fellur undir starfsemi fjarskiptafyrirtækis sem nauðsynleg er fyrir virkni, vernd eða stjórnun fjarskipta og sinnt er eða veitt af öðrum aðila, þjónustuveitanda. Samtökin telja gæta misskilnings á hugtakanotkun á útvistun sem skilgreind er sem viðskipti



við birgja. Þannig er til að mynda fjallað um útvistun þjónustu í 2. mgr. 11. gr. þar sem fjallað er um þjónustu sem útvistað er út fyrir íslenska lögsögu. Fjarskiptafyrirtæki reiða sig oft á alþjóðlega birgja vegna búnaðar, hugbúnaðar og þjónustu. Í þessu samhengi er ekki um útvistun að ræða heldur aðfangakeðju (e. Supply Chain). Mikilvægt er að ákvæði aðfangakeðju verði í samræmi við sambærileg ákvæði í NIS-2 reglugerðinni. Ósamræmi á milli NIS-2 tilskipunar og reglugerðarinnar er einungis til þess fallið að valda fyrirtækjum ómældum kostnaði vegna flækjustigs í löggjöfni.

Í 4. mgr. 11. gr. er tekið er á upplýsingaskyldu þjónustuveitenda til fjarskiptafyrirtækis um öryggisatvik og rekstrarbreytingar er varða útvistaða þjónustu. Óljóst er hvað fellur undir orðið rekstrarbreytingar og kallar það á frekari skilgreiningu. Að sama skapi er fjallað um virkt eftirlit 5. mgr. sem einnig þyrfti að skýra nánar.

Fjallað er um kerfislægar ráðstafanir í 12. gr. Í b-lið 1. mgr. ber fjarskiptafyrirtækjum að nota áreiðanlegan og afkastamikinn búnað fyrir stjórnun fjarskiptaneta. Samtökin óska eftir skilgreiningu á ráðuneytinu hvað telst áreiðanlegur og afkastamikill búnaður og ítarlegri útskýringu á c-lið Í d-lið ber fjarskiptafyrirtækjum að haga kerfum með þeim hætti að þau takmarki dreifingu og /eða útbreiðslu öryggisatvika. Mikilvægt er að útlista nánar hvað felst í þessari kröfu. Í f-lið ber að vakta fjarskiptaumferð um fjarskiptanet og greina til að mynda ummerki um öryggisatvik. Hér er mikilvægt að skýra betur, til að mynda hve langt sú krafa nær. Í h-lið er lögð fram óraunhæf krafa sem getur orðið til þess að raska verulega rekstri fjarskiptafyrirtækja. Velt er upp þeirri spurningu hvort í stað net- og upplýsingakerfa, eigi ráðuneytið við fjarskiptakerfa. I-liður setur einnig íþyngjandi kröfur fram. Óraunhæft er að setja þær kröfur á fjarskiptafyrirtæki að taka öryggisafrit af öllum kerfum og gögnum. Mikilvægt er einnig að setja fram tímamörk, hámarks geymslutíma, á varðveislu afritaðra gagna. Í m-lið er lögð fram óraunhæf skylda. Ljóst er að fjarskiptafyrirtæki geta ekki framkvæmt öryggisúttektir- og prófanir á þegar ný kerfi eru innleidd og í þeim tilfellum þegar breytingar eru gerðar. Mikilvægt er að tilgreina skyldu við breytingu af tilteknum toga. Þá kaupa fjarskiptafyrirtæki, í mörgum tilfellum, þjónustu frá þriðja aðila. Ekki er hægt að leggja þá kröfu á fyrirtækin að framkvæma öryggisúttekt- og prófanir á uppfærslum sem þriðji aðili framkvæmir enda þau ekki í aðstöðu til að framkvæma slíkt.

Í 13. gr. er fjallað um raunlægar ráðstafanir þar sem fjarskiptafyrirtæki skulu, á grundvelli áhættumiðaðs verklags og niðurstöðu áhættumats, gera þær raunlægu öryggisráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja öryggi fjarskiptaneta og fjarskiptaþjónustu þess. Til viðmiðunar skal viðhafa að lágmarki öryggisráðstafanir varðandi varnir gegn straumrofi. Mikilvægt er að skýra þarf betur til hvaða fjarskiptabúnaðar er verið að vísa og hvort gerðar séu sömu kröfur innan og utan þéttbýlis. Alvarlegar athugasemdir eru gerðar við skyldur um raunlægar varnir sem koma fram í e-lið. Settar eru fram alvarlegar og óraunhæfar kröfur sem kunna að vera bera gríðarlega kostnaðarauka fyrir fyrirtæki, upphæðir er telja yfir milljarð íslenskra króna. Margir sendar hafa ekki burði til þess að vera með varaafli með þeim hætti sem sett er fram. Hér er brýnt að skilyrða við mikilvæga innviði.

Í b-lið 13. gr. er fjallað um raunlægar varnir í fjarskiptarýmum. Þar eru, meðal annars, gerðar kröfur um byggingarefni fjarskiptarýma. Bent er á að í mörgum slíkum rými og byggingum sem þegar eru fyrir eru byggðar í samræmi við byggingarkröfur síns tíma. Ljóst er að kostnaður við þær kröfur sem lagðar eru fram geta falið í sér viðbótarfjárfestingu fjarskiptafyrirtækja að andvirði hundruðum milljóna sem í mörgum tilfellum þyrfti að endurnýja á 7 ára fresti. Fjallað er um afkastagetu og rekstraröryggi flutningsleiða í 14. gr. í því skyni að stuðla að samfelldum rekstri og virkni fjarskipta skuli fjarskiptafyrirtæki tryggja eins og kostur er fullnægjandi flutningsleiðir fjarskipta og með því fyrirbyggja mögulegt útfall. Í 3. mgr. er



fjarskiptafyrirtækjum gert að tryggja að fjarskipti um landsdekkandi stofnnet geti farið um fleiri en eina landfræðilega leið á milli staða og að um algeran aðskilnað leiða og búnaðar sé að ræða með aðskildu inntaki milli fjarskiptastaða og -rýma, ásamt viðeigandi búnaði í fjarskiptanetum fyrir almenn fjarskipti. Rétt er að benda á að fjöldi staða/símstöðva hefur einungis yfir einni stofnleið að ræða og því er ljóst að ómögulegt reynist að uppfylla ákvæðið. Þá eru gerðar athugasemdir þeirri ítarlegu kröfu sem sett er fram um upplýsingaskyldu sem fram koma í 4. mgr.

Í 15. gr. ber fjarskiptafyrirtækjum að tryggja uppfærslur eins fljótt og auðið er. Hér er mikilvægt að heimila fjarskiptafyrirtækjum að meta sjálf tímasetningar uppfærslna, enda getur í mörgum tilfellum verið betra að uppfærsla yrði gerð um nótt en að degi.

Í 17. gr. eru settar fram athugasemdir varðandi orðskýringar á orðinu öryggisatvik. Samkvæmt skilgreiningu fjarskiptalaga telst öryggisatvik vera hver sá atburður sem hefur eða getur haft skaðleg áhrif á öryggi fjarskiptaneta og fjarskiptaþjónustu. Í reglugerðardrögum er sett fram í 1. mgr. að fjarskiptafyrirtæki skuli útbúa viðbragðsáætlun sem virkja ber ef öryggi fjarskiptaneta eða fjarskiptaþjónustu er ógnað, **svo sem** ef upp kemur öryggisatvik. Óljóst er hvað annað gæti fallið hér undir en öryggisatvik. Sambærilegt ákvæði er einnig að finna í 1. mgr. 19. gr. þar sem fjarskiptafyrirtækjum ber að halda skrá yfir öll öryggisatvik sem koma upp eða ógna öryggi fjarskiptaneta og fjarskiptaþjónustu.

Einnig er gerð óraunhæf og íþyngjandi krafa um árlega endurskoðun og prófun viðbragðsáætlunar með æfingum. Færi betur á því að fyrirtæki hefðu heimild til að styðjast meðal annars við raunveruleg atvik þar sem viðbragðsáætlanir eru virkjaðar en að öðru leyti að framkvæma prófanir á tveggja ára fresti í stað eins árs.

Í 3. mgr. 18. gr. ber fyrirtækjum að hafa skrásettar niðurstöður úttekta og prófana **aðgengilegar** Fjarskiptastofu. Mikilvægt er að ítarlegri útskýringar fylgi ákvæðinu, til að mynda með hvaða hætti niðurstöður beri að vera aðgengilegar Fjarskiptastofu, hvort Fjarskiptastofa eigi að biðja um sérstakar úttektir og prófanir eða hvort fjarskiptafyrirtæki eigi að gera allar úttektir og prófanir aðgengilegt Fjarskiptastofu eftir að þær hafa verið framkvæmdar. Þá er vert að benda á að ákvæðið er tekið fram í 25. gr. reglugerðarinnar um aðgengi að upplýsingum.

Athugasemdir eru gerðar við 20. gr. sem fjallar um tilkynningar vegna öryggisatvika. Bent er á að 80. gr. fjarskiptalaga fjallar um tilkynningar vegna öryggisatvika. Reglugerðardrögin byggja á heimild í 10. mgr. 78. gr. Óljóst er á hvaða grunni reglugerðarheimild þessa ákvæðis hvílir. Að því sögðu er vert að taka fyrir einstaka liði greinarinnar. Í 20. gr. ber fjarskiptafyrirtækjum að tilkynna netöryggissveit Fjarskiptastofu um öll alvarleg öryggisatvit sem ógna öryggi fjarskiptaneta og fjarskiptaþjónustu. Í e-lið 2. mgr., um mat á alvarleika öryggisatviks, skal horft til umfangs áhrifa öryggisatviksins á efnahagslega og samfélagslega starfsemi. Ekki liggur ljóst fyrir hvaða þýðingu og þá tilgangur ákvæðið hefur. Óljóst er hver skuli meta umfang áhrifa á efnahagslega og samfélagslega starfsemi. Þá er fjallað um þjónusturof í 3. mgr. ákvæðisins, að alvarlegt öryggisatvik teljist ef það varðar 200 notendur og hefur staðið yfir lengur en hálfa klukkustund. Þykir ástæða að gera alvarlega athugasemd við fjölda notenda þar sem 200 notendur er mjög lág tala við mat á alvarleika. Í þessu samhengi má benda á að Malta, sem telur rúmlega 500 þúsund íbúa er með þau viðmið að það eigi ekki að tilkynna atvik sem hafa áhrif á 1% viðskiptavina nema að atvikið vari lengur en í átta klukkustundir. Atvik sem vara lengur en í klukkutíma þurfa að ná yfir 15% notenda. Engin tilkynningarskylda er á atvikum sem vara skemur en eina klukkustund. Einnig eru gerðar alvarlegar athugasemdir við tímamörk tilkynninga til netöryggissveitar Fjarskiptastofu. Í 5. mgr. miðast tímamörk tilkynninga til netöryggissveitar við þrjár klukkustundir. Eðlilegt þykir að tímamörk verði, að minnsta kosti sex



klukkustundir, í samræmi, við reglugerð 866/2020 um öryggi net- og upplýsingakerfa rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu.

Í 21. gr. skulu fjarskiptafyrirtæki vera með skýra og skilvirka ferla vegna tilkynninga um ósamfellu í virkni eða þjónusturof, svo sem af völdum öryggisatviks, bilana, breytinga eða viðhalds. Fyrirtæki eiga að tilgreina á vefsíðum sínum, eða með öðrum sambærilegum leiðum, almenn þjónustuviðmið, svo sem um þjónustustig og reglubundið viðhald. Bent er á að um þetta er fjallað í reglugerð 866/2020.

Í 22. gr er fjallað um opinbera birtingu. Í 2. tl. 1. mgr. ber fjarskiptafyrirtækjum að birta stefnu fyrirtækisins um uppítóima, meðalendurreisnartíma og hámarksnýtingu hinna mismunandi fjarskiptaneta. Ákvæðið er mjög íþyngjandi og í raun ómögulegt fyrir fjarskiptafyrirtæki að framkvæma. Flækjustig við gagnaöflun tölfraði ákvæðisins er gríðarlegt að umfangi sem og birting rétttra upplýsinga á hverjum tíma.

Í 23. gr. er fjallað er um sérstakar netógnir. Mikilvægt er að ákvæðið kveði á um samstarf í fjarskiptafélaga og netöryggissveitar Fjarskiptastofu varðandi mögulegar aðstæður í tengslum við netógnir. Gerðar eru alvarlegar athugasemdir við þá kröfu að fyrirtækjum beri að senda netöryggissveit Fjarskiptastofu skýrslu um tilvik innan 6 klukkustunda. Óraunhæft er að sá tímarammi geti staðist, ef tekið er mið af því umfangi upplýsinga sem senda verður netöryggissveit. Tími árása getur verið mismunandi og því er krafan íþyngjandi. Hér er fjarskiptafyrirtækjum gert að bæta við starfsfólki til að tryggja að unnt verði að bregðast við þeim þrönga tímaramma, á öllum tíma dags og alla daga, sem sett er fram í reglugerðinni. Mikilvægt er að tímamörk fjarskiptafyrirtækjum um slíkar tilkynningar nemi að minnsta kosti einum degi, eða að tilkynning yrði send næsta virka dag. Einnig er ómögulegt að tilgreina upplýsingar um gagnaeyðingar ef hún hefur ekki átt sér stað heldur hafi síun verið gerð á umferð eða lokun tengingar.

Í VII kafla um eftirlit og viðurlög er kveðið á um úttektir og prófanir í 26. gr. Mikilvægt er að tilgreina að heimild Fjarskiptastofu til úttekta og prófana verði gerð í samráði við fjarskiptafyrirtæki, til að mynda varðandi tímasetningar og útfærslu. Einnig er mikilvægt að heimila fyrirtækjum að gera athugasemdir við inntak og/eða umfang úttektar og prófana. Þá er Fjarskiptastofu heimilað að fela utanaðkomandi aðila að framkvæma úttektir/prófanir samkvæmt. Samkvæmt ákvæðinu er óljóst hver eigi að bera kostnaðinn af slíkri úttekt eða prófunum.

Í 27 gr. skal Fjarskiptastofa gefa bindandi fyrirmæli um úrbætur. Samtökin benda á að sambærileg fyrirmæli er að finna í reglugerð 866/2020.

Þá fjallar 29. gr. um heimild og gildistöku. Samtökin gera alvarlegar athugasemdir við það að fjarskiptafyrirtæki fái engan aðlögunartíma fyrir þær breytingar sem reglugerðin kveður á um. Ljóst er að reglugerðin mun hafa gríðarlega miklar breytingar í för með sér á umfang starfsemi fjarskiptafyrirtækjanna sem geta í engu orðið við þeim breytingum með jafn skömmum fyrirvara.



3. Lokaorð

Með vísan í ofangreint er það mat samtakanna að drög að reglugerð þessari og þá sérstaklega efnistökin séu ótímabær. Umhugsunarvert er að drögin að reglugerð innihalda greinar sem í einstaka tilvikum ganga lengra en nauðsyn krefur og þá er jafnframt að finna ýmisar greinar sem eru endurtekning á lagaákvæðum og hafa því litla þýðingu er varðar útfærslu og framkvæmd.

Að öðru leyti eru ekki gerðar frekari athugasemdir við fyrirliggjandi drög að reglugerð. Samtökin áskilja sér þó rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum og lýsa sig um leið reiðubúin til að funda um efnið sé þess óskað af hálfu ráðuneytisins. Þá er ráðuneytið hvatt til frekari samráðs við hagaðila. Efnistökin reglugerðarinnar krefjast mikillar sérfræðiþekkingar og mun samráð auka gagnsæi og fyrirsjáanleika í starfsumhverfi fjarskiptafyrirtækja.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka iðnaðarins

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Gunnar Sigurðarson', is written over a horizontal line.

Gunnar Sigurðarson,

Viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði Samtaka iðnaðarins